

Mál nr. 389/2013**M
og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda steypudælubifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er slinkur kom á steypudælubarka.****Gögn.**

191. Málskot, móttakið 12.11.2013, ásamt fylgigögnum.

192. Bréf X, dags. 29.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1.8.2012 vann M við að dæla steypu inn á gólf íbúðarhúss. Til að dæla steypunni inn í húsið var notuð sérstök steypudæla á bifreiðinni A. Eigandi A er V og stjórn steypudæluanna annaðist B, starfsmaður V. Er verið var að ljúka dælingu steypunnar myndaðist svonefndur lofttappi í leiðslum dæluanna. Hugðist B gæta að því hvað væri að og dældi aftur á bak. Mun þá hafa komið „svona dúndur“ úr dæluinni að aftan og hafi B haldið áfram að dæla til að reyna að fá „trukkið“ úr henni þeim megin. Þá hafi hann séð að einhver hreyfing hafi verið á slöngunni og slökkt á dælingunni og hlaupið í átt til þeirra sem tóku á móti steypunni. Er hann kom að húsdýrunum hafi hann séð slink koma á slönguna og M liggjandi á bakinu á gólfinu. Er slinkur kom á dælubarkann sem M hélt um kastaðist hann á gólfið og meiddist á hægri hendi.

Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu og í umsögn þess um slysið segir um niðurstöðu rannsóknar að ekki verði annað ráðið en að lofttappinn sem myndaðist við tæmingu dæluanna hafi verið það kröftugur að ekki hafi verið við ráðið jafnvel þótt sjón- og talsamband hefði verið á milli stjórnenda dælu og þess sem stjórnaði barkanum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X og til vara úr lögmaeltri ábyrgðartryggingu A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að B hafi orðið á mistök við stjórn dæluanna þegar slysið varð eða það verði virt honum til sakar, eins og hér stóð á, að hafa ekki náð að vara M við áður en slinkur kom á barkann sem M hélt um. Telst því ósannað að V sem vinnuveitandi B beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. A var kyrrstæð og fastskorðuð meðan á dælingu stóð. Hún var því ekki í notkun sem ökutæki í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Tjónið fæst því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V eða ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 20. desember 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.